



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. maí 2016

## **Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um grunnskóla, 675. mál**

SSSK – Samtök sjálfstæðra skóla og SVP – Samtök verslunar og þjónustu vísa til erindis allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 10. maí sl., þar sem óskað er umsagnar samtakanna um frumvarp til laga um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 91/2008, með síðari breytingum, 675. mál.

Samtökin fagna því að tekin verði til skoðunar á Alþingi ákvæði grunnskólalaga er varða starfsskilyrði sjálfstætt starfandi grunnskóla með það að leiðarljósi að skýra nánar lagalega umgjörð þeirra og stjórnslu þessa málaflokks. Þá telja samtökin að endurskoðun þessi sé ekki eingöngu hagsmunamál fyrir sjálfstætt starfandi grunnskóla heldur er einnig um að ræða jákvætt skref í þá átt að tryggja réttindi barna og forráðarmanna þeirra til að velja þá námsleið sem þjóna sem best hagsmunum barnanna sjálfra. Þrátt fyrir að margt í fyrirbyggjandi frumvarpi sé til bóta hvað þetta varðar, og tekið hafi verið tillit til athugasemda samtakanna við undirbúning frumvarpsins eins og nánar greinir í almennum athugasemdum við það, þá telja samtökin eftir sem áður að einstaka álitamál þarfnist nánari skoðunar við.

Áður en lengra er haldið ítreka samtökin að þau fagna því að tekið hafi verið tillit til athugasemda þeirra við undirbúning frumvarpsins hvað varðar tíðni endurútreiknings Hagstofu Íslands vegna fjárframlaga úr sveitarsjóði, sbr. c-liður 6. gr. fyrirbyggjandi frumvarps. Hvað varðar framlögin sem slík þá hefur það verið skoðun samtakanna að framlag sveitarfélaga eigi að meginstefnu að vera til þess fallin að létta greiðslubyrði á foreldra og þannig stuðla að því að val þeirra á skólum fyrir börn sín eigi að ráðast af faglegum forsendum en ekki kostnaði. Því lægri sem framlög eru með hverjum nemenda því meiri beinn kostnaður fellur á foreldra og þ.a.l. verður sá kostnaður sem á þá kunna að falla meira ráðandi við val á skólum heldur en aðrir þættir sem að öllu jöfnu ætti frekar að líta til við slíkt val. Hærri framlög með nemendum er einnig í samræmi við þá skoðun samtakanna að fé fylgi nemenda óháð eignarhaldi viðkomandi grunnskóla, þ.e. opinber skóli eða sjálfstætt starfandi. Þar sem í fyrirbyggjandi frumvarpi er lagt til óbreytt lágmark, þ.e. 75% lágmark, þá er það mat samtakanna að þeir foreldrar sem velja sjálfstætt starfandi grunnskóla fyrir börn sín munu áfram að greiða umtalsverð skólagjöld. Í ljósi þessa er það mat samtakanna að hækka þurfi lágmarksframlagið til þess að skólagjöld geti verið í lágmarki og val á grunnskólanámi verði því ekki tengt efnahags foreldra. Leggja samtökin til við nefndina að lágmarkið verði í því skyni hækkað í 90%.

Til viðbótar við framangreint vilja samtökin vekja sérstaka athygli nefndarinnar á eftirfarandi álitamálum sem ekki eru til sérstakrar umfjöllunar í fyrirbyggjandi frumvarpi en hafa veruleg áhrif á starfsumhverfi sjálfstætt starfandi grunnskóla og skerða til muna jafnræði þessara skóla á við starfsemi opinbera grunnskóla. Sem afleiðing þessa eru sjálfstætt starfandi grunnskólar ekki settir í sömu stöðu og opinberir grunnskólar hvað varðar almenn rekstrarskilyrði sem að sama skapi bitnar jafnframt á nemendum þessara skóla. Þá kann sú skekkja sem þessi mismunun



hefur í för með sér að hafa áhrif á val foreldra á skólum fyrir börn sín, þ.e. hvað varðar val á milli opinbers grunnskóla og sjálfstætt starfandi grunnskóla.

Í fyrsta lagi er vakin athygli á að samkvæmt fyrirbyggjandi frumvarpi ríkir enn það misvægi að sjálfstætt starfandi grunnskólar njóta engra stofnstyrkja af opinberu fé en slíkt er gífurleg hindrun í vegi þess að nýir sjálfstæðir grunnskólar veri að veruleika sem að sama skapi hamlar fjölbreytni í skólakerfinu og veldur því að foreldrar og skólafólk hafa áfram takmarkað valfrelsi í grunnskólum. Í ljósi þessa leggja samtökin til þá tillögu að nýir sjálfstætt starfandi grunnskólar njóti hærri framlaga fyrstu árin í rekstri, t.d. fyrstu 2-3 árin, en þar eftir njóti þeir framlaga á við aðra sjálfstætt starfandi grunnskóla.

Í öðru lagi er vakin athygli á framlögum vegna grunnskólanáms utan lögheimilissveitarfélags en samkvæmt núverandi framkvæmd fer um þau framlög samkvæmt viðmiðunarreglum Sambands íslenskra sveitarfélaga. Leggja samtökin til við nefndina að tekið verði til skoðunar hvort að þær reglur eigi frekar að falla undir ákvæði grunnskólalaga, sbr. önnur fjárframlög úr sveitarsjóði, og þannig skapa festu og samræmi varðandi þá framkvæmd.

Loks vilja samtökin koma á framfæri ábendingu sem samtökin telja að feli í sér ákveðna mismunur varðandi rekstur og starfsemi sjálfstætt starfandi grunnskóla í samanburði við opinbera grunnskóla. Er hér um að ræða aðgengi sjálfstætt starfandi grunnskóla að ýmsum rannsóknar- og þróunarsjóðum en samkvæmt núverandi fyrirkomulagi hafa þessir skólar ekki heimild til að sækja um hina ýmsu styrki og sjóði sem að óbreyttu standa opinberum grunnskólum eingöngu til boða. Er hér t.d. um að ræða sjóði sem settir eru á laggirnar af sveitarfélögum og fjármagnaðir eru m.a. af útsvari íbúa þess, þ.m.t. útsvari foreldra barna í sjálfstætt starfandi grunnskólum. Að mati samtakanna er hér um að ræða óheppilega og ósanngjarna mismunur sem bitnar ekki eingöngu á skólunum sjálfum heldur einnig nemendum þeirra. Í þessu samhengi ítrekast enn á ný að um er að ræða opinbera sjóði sem fjármagnaðir eru með opinberu fé og því kann að skjóta skökku við að aðgengi að þeim sjóðum sé eingöngu takmarkað við opinbera skóla og í þágu nemenda þeirra skóla en sjálfstætt starfandi skólum og þeirra nemendum sé meinuð aðkoma að þeim.

Að lokum benda samtökin á að sjálfstætt starfandi skólar hafa fyrir löngu sannað gildi sitt sem raunverulegur valkostur fyrir börn á grunnskólastigi. Þá hefur árangur sjálfstætt starfandi grunnskóla verið góður í samræmdum prófum sem er ágætis mælikvarði varðandi starfsemi þessara skóla til samanburðar við aðra skóla og þessu til stuðnings má vekja athygli á að um árabíl hafa einstakir sjálfstætt starfandi grunnskólar verið meðal þeirra fimm hæstu skóla hvað varðar einkunnir á landsvísu. Sjálfstætt starfandi grunnskólar hafa því sannarlega staðist þær gæðakröfur sem gerðar eru til starfsemi þeirra og rúmlega það. Benda samtökin á að í úttekt Reykjavíkurborgar á öllum grunnskólum borgarinnar hafa sjálfstætt starfandi grunnskólar komið vel út og t.a.m. var grunnskóli Hjallastefnunnar eini skólinn þar sem mældist ekkert einelti. Er hér um að ræða opinberar upplýsingar sem Reykjavíkurborg heldur utan um. Þá hafa sjálfstætt starfandi grunnskólar komið vel út úr þjónustukönnunum þar sem ánægja foreldra er oft meiri en hjá opinberum grunnskólum.

Samtökin benda á að þrátt fyrir að sjálfstætt starfandi grunnskólar séu um 2% af öllum grunnskólum landsins er eftirspurn eftir inngöngu í þá mikil og oft á tíðum meiri en skólarnir geta sinnt hverju sinni. Það sama má einnig segja um sjálfstætt starfandi leikskóla, þótt þeir




samtök sjálfstæðra skóla

skólar séu ekki til umfjöllunar hér, þar sem eftirspurn er langt umfram framboð, ánægja foreldra mikil og skólarnir koma vel út í gæðaúttektum. Þessu til viðbótar telja samtökin mikilvægt að halda til haga í allri umfjöllun um starfsskilyrði sjálfstætt starfandi grunnskóla að með því að tryggja rekstrarskilyrði þessara skóla er einnig tryggt að foreldrar og nemendur sem og starfsfólk grunnskóla hafi ávallt raunverulegt val um að taka þátt í starfi sjálfstætt starfandi grunnskóla á við opinbera grunnskóla á grundvelli upplýsts val þeirra um skóla eða starfsvettvang.

Að öðru leyti gera SVP og SSSK ekki frekari athugasemdir við fyrirbyggjandi frumvarp. Samtökin áskilja sér þó rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum og lýsa sig um leið reiðubúin til að funda um efnið sé þess óskað af hálfu nefndarinnar.

Virðingarfyllst,  
f.h. SSSK og SVP

  
Áslaug Hulda Jónsdóttir  
formaður SSSK

  
Eárus M. K. Ólafsson, hdl.